

EFTIRLITSSKÝRSLA

Semtsverksmiðjan Akranesi Akranes



Dags eftirlits	13.9.2012	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Semtsverksmiðjan Akranesi	Fulltrúi UST	
Heimili	Mánabraut 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5602695369	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar H. Sigurðsson	ÍSAT nr.	26.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sesselja Einarsdóttir	Staðsetning	351068,21 427468,774

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá starfsleyfi kom fram í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar. Verksmiðjan hefur aðeins verið í gangi tvær og hálfu viku á árinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlitsferðina til að staðfesta að verksmiðjan væri ekki rekstri. Það staðfestist hér að verksmiðjan var ekki í rekstri og hefur ekki verið síðan í febrúar sl. Þegar framleitt var sement í tvær og hálfu viku. Gjallofninn var stoppaður í nóvember á síðasta ári. Ákveðið var að loka verksmiðjunni í tvö ár og sjá til hvort markaðurinn lagaðist. Að þeim tíma liðnum verður tekin ákvörðun um hvort verksmiðjunni verði lokað varanlega og verður gengið frá samkvæmt áætlun um rekstrarstöðvun.

Semtsverksmiðjan hefur síðan lokað var flutt inn sement frá Noregi til sölu hér á landi og er það eina starfsemin sem fram í henni í dag.

Rekstraraðilar hafa skilað inn til Umhverfisstofnunar öllum gögnum sem þeim þeim ber að skila samkvæmt starfsleyfi. Gögnin eru grænt bókhald, umhverfisskýrsla og útstreymisbókhald.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

Reykjavík, 17.09.2012

Ólafur Kristinn Tryggvason

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.